


True North
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. apríl 2014
Tilvísun: UST20140400282/abg

Auglýsingataka við Skógfoss og í Dyrhólaey, umsókn um leyfi.

Umhverfisstofnun vísar í erindi True North dags. 23. apríl sl. þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar fyrir auglýsingatökum í Dyrhólaey og við Skógfoss.

Lýsing framkvæmdar:

Sótt er um leyfi til auglýsingatöku á tveimur friðlýstum svæðum, annars vegar í Dyrhólaey og hins vegar við Skógfoss.

Í Dyrhólaey er samkvæmt umsókn óskað eftir því að mynda við neðra bílastæði. Um 80 manns koma að upptökunum í heild og allt að 30 manns eru við myndavél á meðan myndað er. Fram kemur í umsókn að takmarka þurfi tímabundið umferð gangandi vegfarenda við myndavél á meðan tökum stendur. Ekki er um að ræða uppsetningu á tjaldbúðum, leikmunum eða leikmynd. Að auki kemur fram í umsókn að ekki verði um neina efnanotkun að ræða og tökurnar feli ekki í sér rask á jarðvegi, gróðri eða dýralífi. Fram hefur komið í samtali við True North að myndað verði með þrifæti en hugsanlega gæti þurft að setja upp brautir. Áætlað er að myndatakan fari fram fyrri part sunnudagsins 27. apríl nk.

Við Skógfoss er samkvæmt umsókn óskað eftir því að mynda nálægt fossinum. Um 80 manns koma að upptökunum í heild og allt að 30 manns eru við myndavél á meðan myndað er. Fram kemur í umsókn að takmarka þurfi tímabundið umferð gangandi vegfarenda við myndavél á meðan tökum stendur. Ekki er um að ræða uppsetningu á tjaldbúðum, leikmunum eða leikmynd. Að auki kemur fram í umsókn að ekki verði um neina efnanotkun að ræða og tökurnar feli ekki í sér rask á jarðvegi, gróðri eða dýralífi. Fram hefur komið í samtali við True North að myndað verði með þrifæti en hugsanlega gæti þurft að setja upp brautir. Áætlað er að myndatakan fari fram seinni part sunnudagsins 27. apríl nk.

Áhrifamat

Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort kvíkmynda- eða ljósmyndatökur kalli á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Er þá metið hvort framkvæmdir, kalla á breytingu svæðis af einhverju tagi, jarðrask, trulun á dýralífi eða mannvirkjagerð, sbr. og friðlýsingarskilmála viðkomandi svæðis.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar ljósmyndatökur komi til með að hafa neikvæð áhrif á verndargildi Dyrhólaeyjar og Skógarfoss. Hinsvegar þá metur stofnunin það sem svo að umfang í kringum ljósmyndatökurnar sé talsvert.

Dyrhólaey er á þessum tíma árs viðkvæmt svæði vegna fuglalífs en varp er við það að hefjast. Ekki liggur fyrir ítarleg lýsing á því hvernig tökurnar muni fara fram og til álita gæti komið að leggja brautir fyrir tökurnar. Hesta þarf aðgengi almennings í einhvern tíma á meðan tökur fara fram.

Skilyrði:


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti auglýsingatökur við Skógfoss og Dyrhólaey með eftirsarandi skilyrðum:

- Að umgengni um svæðin sé góð og reglum um þau verði í hvívetna fylgt. Dýralíf verði ekki fyrir óþarfa truflun og hvorki jarðvegi né gróðri verði raskað.
- Rík áhersla sé lögð á að aðrir gestir/ferðamenn svæðisins verði ekki fyrir óþarfa truflun vegna kvíkmyndatökunnar.
- Sérstaklega er áréttuð að allur akstur utan vega er bannaður skv. 17. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Búnaður skal því borinn á tökustað.
- Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með auglýsingatökunum og greiðir umsækjandi fyrir það eftirlit samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, eða ISK 11.200 á klst.

Óskað er eftir að umsækjandi hafi samband við svæðalandvörð á Suðurlandi, Ingibjörgu Eiríksdóttur í síma 8224034 sem mun hafa eftirlit með auglýsingatökunum fyrir hönd Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir einnig á að einnig er nauðsynlegt er að hafa samband og samráð við landeigendur varðandi kvíkmyndatökur sem þessar. Upplýsingar um þá má í þessu tilfelli fá hjá sveitarfélaginu Rangárþingi eystra vegna Skógfoss og Mýrdalshreppi varðandi tökur í Dyrhólaey.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri